

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. apríl 2016

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof (lenging fæðingarorlofs og hækkun hámarksgreiðslu), 261. mál.

BSRB átti fulltrúa í starfshópi um mótun tillögu að framtíðarstefnu í fæðingarorlofsmálum sem skipaður var af félags- og húsnæðismálaráðherra í desember 2014. Starfshópurinn skilaði tillögum sínum til ráðherra í síðasta mánuði. Bandalagið styður við þær tillögur sem meirihluti nefndarinnar lagði til, þ.e. að hámarksgreiðslur foreldris úr Fæðingarorlofssjóði verði 600 þúsund krónur á mánuði, og að laun allt að 300 þúsund krónum skerðist ekki, líkt og þær gera nú. Þá að fæðingarorlof verði lengt úr níu mánuðum í tólf. Foreldrar eigi þá sjálfstæðan fimm mánaða rétt og sameiginlega eigi þeir tvo (5+5+2).

Bandalagið leggur mikla áherslu á að laun allt að 300.000 krónum skerðist ekki. Rökin fyrir kröfunni eru meðal annars þau að tryggja þarf að enginn á vinnumarkaði verði undir framfærsluviðmiðum, hvort heldur sem litið er til framfærsluviðmiða Umboðsmanns skuldara eða reiknivél Velferðarráðuneytis fyrir neysluviðmið. Þá leggur BSRB áherslu á að hækkun hámarksgreiðslna í fæðingarorlofi taki gildi eins fljótt og verða má.

Þá hefur BSRB vakið athygli á að Ísland standi langt að baki hinum Norðurlöndunum hvað varðar framlag til velferðarmála og stuðnings við barnafjölskyldur. Hér á eftir fylgir því samantekt upplýsinga um rétt foreldra til fæðingarorlofs á Norðurlöndum þar sem horft er til lengdar og greiðslna. Í samantektinni er að meginstefnu að finna upplýsingar um fæðingarorlofsrétt eftir fæðingu barns en ekki fyrir, undantekning þess er þó Finnland. Allar fjárhæðir hafa verið umreiknaðar í íslenskar krónur. Bandalagið vinnur jafnframt að yfirliti um réttindi einstæðra foreldra til fæðingarorlofs um þessar mundir en fljótt á litið virðist Ísland hafa lökustu réttindin hvað það varðar þar sem einstæðir foreldrar eigi undir öllum kringumstæðum fullan rétt til fæðingarorlofs í hinum Norðurlöndunum.

Danmörk

Samtals er réttur foreldra til fæðingarorlofs 48 vikur. Móðir á sjálfstæðan rétt til 14 vikna fæðingarorlofs

eftir fæðingu og faðir 2 vikna. Sameiginlegt fæðingarorlof sem þau geta skipt með sér eru 32 vikur. Rétturinn er því eftir fæðingu barns, (14+2+32 = 48 vikur). Greiðslurnar eru 100% miðað við meðaltalslaun og þakið er 342.250 kr.¹

Þá tryggja sumir kjarasamningar greiðslur í fæðingarorlofi frá atvinnurekanda.

Finnland

Sameiginlegur réttur foreldra til fæðingarorlofs er um níu mánuðir. Fæðingarorlof mæðra greiðist í 105 virka daga og getur hún hafið töku fæðingarorlofs í fyrsta lagi 50 virkum dögum áður og síðast 30 dögum áður. Þar sem ákveðinn sveigjanleiki er í vali á því hvenær hún hefur fæðingarorlof er ekki hægt að segja með skýrum hætti frá rétti mæðra í Finnlandi m.v. eftir fæðingu barns. Fyrstu 56 dagana eru greiðslurnar í fæðingarorlofi 90% af meðalárslaunum upp að 7.124.376 kr. Fyrir þau laun sem fara umfram það þá er það 32,5%. Fæðingarorlof feðra greiðist lengst í 54 daga og eru greiðslur m.v. um 70% af meðallaunum upp að 4.652.440 kr. á ári. Fari launin yfir þá fjárhæð er fæðingarorlofið 40% af því sem er umfram upp að 7.124.376 kr. Ef meðallaunin fara yfir það þá er hlutfallið 25% af þeirri fjárhæð. Sameiginlegur réttur foreldra til fæðingarorlofs er lengst 158 dagar og er hlutfall greiðslna það sama og nefnt varðandi sjálfstæðan rétt feðra, þ.e. um 70% af launum upp að tiltekinni fjárhæð og svo tvíþætt hlutfall launa fari það umfram fyrstu hámarksfjárhæðina. Þá eru greiðslur í fæðingarorlofi m.v. virka daga en skilgreiningin þar á eru mánudagar-laugardagar.²

Loks tryggja sumir kjarasamningar, einkum eftir starfsgreinum full laun í fæðingaorlofi skv. kjarasamningi.

Færeyjar

Samtals er réttur foreldra til fæðingarorlofs 62 vikur. Sjálfstæður réttur mæðra er 14 vikur og feðra er 4 vikur, sameiginlegur réttur er 44 vikur (14+4+44 = 62 vikur). Greiðslur eru 100% af meðallaunum en hámarksgreiðslur eru 25.000 kr. DKK á mánuði (473.900 kr ISK).³

Ísland

Samtals er réttur foreldra til fæðingarorlofs 9 mánuðir. Sjálfstæður réttur mæðra er 3 mánuðir, sjálfstæður réttur feðra er 3 mánuðir og sameiginlegur réttur er 3 mánuðir (3+3+3=9 mánuðir). Greiðslur í fæðingarorlofi eru 80% af meðaltali launa og eru hámarksgreiðslur 370.000 kr.

¹ Lov om ret til orlov og dagpenge ved barsel (barselsloven). Vefslóð : <https://www.retsinformation.dk/Forms/R0710.aspx?id=167602>

² Sjukförsäkringslag. Vefslóð: [http://www.finlex.fi/sv/laki/ajantasa/2004/20041224?search%5Btype%5D=pika&search%](http://www.finlex.fi/sv/laki/ajantasa/2004/20041224?search%5Btype%5D=pika&search%5Btext%5D=)

³ Løgtingslóg nr. 48 frá 3. apríl 2001 um Barsilsskipan. Vefslóð: <http://logir.fo/Logtingslog/48-fra-03-04-2001-um-barsilsskipan-sum-seinast-broytt-vid-logtingslog-nr-123-fra-22>

Noregur

Samtals er réttur foreldra til greiðslu fæðingarorlofs m.v. 100% greiðslur í 49 vikur eða 59 vikur m.v. 80% af meðallaunum. Móðir á rétt til 14 vikna, faðir á 10 vikur og sameiginlega eiga þau 25 vikna rétt. Hámark greiðslnanna byggir á að það sé ekki meira en sex sinnum grunnfjárhæð almannatrygginga (n. folketrygdens grunnbeløp (G)). Það felur í sér að mánaðarleg hámarksfjárhæð greiðslna í fæðingarorlofi er 673.123 kr.⁴

Svíþjóð

Fæðingarorlof foreldra er samtals 480 dagar fyrir eitt barn. Í 390 daga byggja greiðslurnar á meðaltali launa en hina 90 dagana eru greiðslurnar föst fjárhæð, eða 2.735 kr. á dag. Greiðslurnar eru 80% af meðaltali launa (fyrir nefnda 390 daga) og að hámarki 437.088 kr. mánaðarlega.⁵

Þá tryggja sumir kjarasamningar full eða frekari laun í fæðingaorlofi skv. kjarasamningi.

Samantekt


Í Danmörku, Færeyjum og Noregi fá eða geta foreldrar valið um 100% greiðslur í fæðingarorlofi m.v. meðallaun þeirra. Í Færeyjum er rétturinn bundinn við tiltekinn vikufjölda og greiðslur 100% m.v. meðallaun. Í Danmörku og Noregi geta foreldrar valið milli þess að taka styttra fæðingarorlof á 100% greiðslum. Í Finnlandi er rétturinn 90% fyrir mæður í um tvo mánuði en lækkar svo í 70% sem gildir jafnframt fyrir föður og sameiginlega réttinn. Í Svíþjóð er réttur til 80% greiðslna af meðallaunum og þá tekur við föst dagleg fjárhæð eftir um árs fæðingarorlof til fjögurra mánaða. Á Íslandi er hlutfall greiðslna 80% af meðallaunum (mynd 1).

Lengd fæðingarorlofsins er mest í Svíþjóð eða samtals 69 vikur, 62 vikur í Færeyjum, 49 vikur í Noregi, 48 vikur í Danmörku, 44 vikur í Finnlandi og minnst á Íslandi eða 39 vikur. Vikufjöldi Noregi miðar við að foreldrar taki styttri valkostinn en kjósi þeir að lengja fæðingarorlofið og lækka greiðslur sínar er vikufjöldinn 59 vikur (mynd 2). Þá eru hámarksgreiðslur hæstar í Noregi eða 673.123 kr. mánaðarlega og lægstar í Danmörku eða 342.450 kr. mánaðarlega (mynd 3).


⁴ Lov om folketrygd (folketrygdloven) Vefslóð: https://lovdata.no/dokument/NL/lov/1997-02-28-19/KAPITTEL_6-1-2#%C2%A714-5

⁵ Föräldraledighetslag. Vefslóð: https://www.riksdagen.se/sv/Dokument-Lagar/Lagar/Svenskforfattningssamling/Foraldraledighetslag-1995584_sfs-1995-584/


Mynd 1: Greiðslur í fæðingarorlofi sem hlutfall launa á viku



Mynd 2: Lengd fæðingarorlofs beggja foreldra samanlagt í vikum



Mynd 3: Hámarksgreiðslur í upphafi fæðingarorlofs



Fyrir hönd BSRB

Helga fónsdóttir
Helga fónsdóttir
framkvæmdastjóri